# Þjónustuflokkar




Þjónustuflokkur 1

Leitast er við að halda yfirborði vegar að mestu lausu við snjó og ís allan sólarhringinn. Á Hellisheiði er þó gert ráð fyrir að snjóþekja geti verið á vegi og að hann sé aðeins hálkuvarinn eins og vegir í þjónustuflokki 2.

Þjónustuflokkur 2

Í hálku er miðað við að vegurinn sé aðeins hálkuvarinn á varasömum stöðum. Í flughálku, eða þegar hætta er á að slík hálka geti myndast, er gert ráð fyrir að hálkuverja allan veginn.

Þjónustuflokkur 3 og 4

Í hálku er miðað við að vegur sé aðeins hálkuvarinn á mjög varasömum stöðum. Í flughálku, eða þegar hætta er á að slík hálka geti myndast, er gert ráð fyrir að hálkuverja á öllum varasömum stöðum.





www.vegagerdin.is
www.road.is

# Upplýsingar

Upplýsingasímar

Athugið: Fjögurra stafa símanúmer.

| | |
|---|---|
| Færð á vegum | 1777 |
| Færð á vegum, talvél | 1779 |
| Veðurstöðvar, talvél | 1779 |
| Upplýsingasíður í textavarpi | 470 - 490 |
| Vefsíða | vegagerdin.is<br>road.is |

**Leitaðu upplýsinga**

Á heimasíðu Vegagerðarinnar www.vegagerdin.is og www.road.is er að finna yfirlitskort sem sýnir færð og ástand á helstu leiðum á hverjum tíma. Eins má þar finna upplýsingar um veður og umferð svo og myndir af ástandi vega

Upplýsingar um færð og veður má einnig nálgast í textavarpi á síðum 470 - 490, í talvél í síma 1779 (ath. fjögurra stafa númer) og á farsímavef m.vegagerdin.is

Sími upplýsingaþjónustu Vegagerðarinnar 1777 er opinn frá 6:30 til 22:00 alla daga frá 15. október til 30. apríl. Á öðrum tíma árs frá 8:00 til 16.00 á virkum dögum.
Það kostar jafnt að hringja í 1777 og 1779 og að hringja í almenn símanúmer.

Öryggissími Vegagerðarinnar 522 1112 er opinn allan sólarhringinn.
**Aðeins skal hringja í þetta símanúmer ef brýna nauðsyn ber til.**

Ef þörf er á aðstoð lögreglu, sjúkrabíls eða björgunarsveitar skal hafa samband við Neyðarlínuna í síma 112

www.vegagerdin.is
www.road.is

# Vetrarþjónusta á þjóðvegum



VEGAGERÐIN

**Upplýsingarit um vetrarþjónustu Vegagerðarinnar**
**Gildir frá og með haustinu 2014**

www.vegagerdin.is
www.road.is